

Fundur var haldinn í hreppsnefnd Tjörneshrepps í Sólvangi 13. desember klukkan 17:15.

Allir aðalmenn mættir. Oddviti setur fund og stjórnar honum.

1. Erindi frá Mótus.
Erindi frá Mótus kynnt. Ákveðið að neita þjónustu þeirra að svo stöddu.
2. Útsvarsprósenta verður óbreytt frá fyrra ári, 14%.
3. Fasteignaskattshlutfall 2019.
A flokkur verður 0,45% sem er óbreytt frá fyrra ári.
C flokkur verður 0,5% sem er óbreytt frá fyrra ári.
4. Fjárhagsáætlun seinni umræða.
Rekstrarreikningur
Heildartekjur 34,5 milljónir
Heildargjöld 24,875 milljónir
Rekstrarniðurstaða 10,225 milljónir
5. Erindi frá Landgræðslunni.
Styrkbeiðni vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið og annarra verkefna í Tjörneshreppi á árinu 2018.
Samþykkt að styrkja verkefnið um 35.000.
6. Erindi frá Þjóðskrá.
Lagt fram til kynningar.
7. Rekstraráætlun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses.
Rekstraráætlun AP samþykkt.
8. Rekstraráætlun Héraðsnefndar Þingeyinga bs.
Rekstraráætlun Héraðsnefndar samþykkt.
9. Málefni Sólvangs.
Ný gjaldskrá í Sólvangi.
Dagsleiga: 30.000
Sólarhringsleiga: 50.000
Aukadagur: 20.000

Fleira ekki gert. Fundið slitið kl. 18:10.

Katý Bjarnadóttir

Aðalsteinn J. Halldórsson

Sveinn Egilsson

Smári Káráson

Jón Gunnarsson